



HRUNAMANNAHREPPUR

45. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 12. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 10. DESEMBER 2013
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 10. desember 2013 kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Deiliskipulag: Miðjús væði á Flúðum.
2. Ákvörðun útsvars 2014.
3. Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs.
4. Íþróttahús á Flúðum: Stækkun.
5. Samningur við UMFH.
6. Afsal vegna sundlaugar.
7. Samstarfssamningur um sameiginlegt tæknisvið Uppsveita Árnassýslu.
8. Fjárhagsáætlun 2014-2017. (Seinni umræða)
9. Samþykktir Hrunamannahrepps: Breytingar. (Fyrri umræða)
10. Skóla og velferðarþjónusta Árnessþings: Samstarfssamningur.
11. Skólalþjónustu- og velferðanefnd. Kosning.
12. Brunavarnir Árnassýslu: Lántaka.
13. Fögrusteinar: Samningur um snjómokstur.
14. Kerlingarfjallasvæðið: Hugmyndir vinnuhóps vegna fyrirhugaðar friðlýsingar.
15. Snorraverkefnið: Umsókn um styrk.
16. Hollvinasamtök Rangárbakka: Söfnun framlaga.
17. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni um veitinga- og gistileyfi. (Grund)
18. Héraðssambandið Skarphéðinn: Styrkbeiðni.
19. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur. (réttur námsmanna).
20. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra.
21. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.
22. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (eignarhlutir í orkufyrirtækjum).
23. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um barnaverndarlög. (rekstur heimila fyrir börn)
24. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna)
25. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífsýnasöfn.
26. Vinnuhópur um safnamál í Uppsveitum Árnassýslu. Greinargerð.
27. KPMG: Endurskoðunarbréf.
28. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

29. Umhverfisnefnd: 14. fundur nefndarinnar frá 25. nóvember s.l.
30. Vinnuhópur um upplýsingaöflun fyrir nýbúa. Fundargerð 2. Fundar frá 20. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:

31. Fundargerð 65. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 21. nóvember s.l, og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. október til 20. nóvember 2013.
Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 7: Miðfell 1, deiliskipulag.
32. Fundargerð 16. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. frá 21. nóvember s.l.

33. Velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 21. fundar frá 6. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Starfshópur um skólaþjónustu: Fundargerð frá 6. nóvember s.l.
- b. NOS: Fundargerð frá 14. nóvember s.l.
- c. NOS: Fundargerð frá 29. nóvember s.l.
- d. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð 8. aðalfundar frá 24. október s.l.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 8. aðalfundar frá 24. október s.l.
- f. SASS: Fundargerð 44. aðalfundar frá 24. og 25. október s.l.
- g. SASS: Fundargerð 473. fundar stjórnar frá 8. nóvember s.l.
- h. SASS: Fundargerð 474. fundar stjórnar frá 28. nóvember s.l.
- i. Sorpstöð Suðurlands : Fundargerð 32. aðalfundar frá 24. október s.l.
- j. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 158. stjórnarfundar frá 26. nóvember s.l.
- k. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 152. fundar frá 23. október s.l.
- l. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 153. fundar frá 22. nóvember s.l.
- m. Héraðsnefnd Árneshvíls b.s: Fundargerð 2. Fundar þann 17-18. október s.l.

Kynningarmál:

- n. Kjalvegur: Sameiginleg yfirlýsing sveitarfélaga og ferðaþjónustufyrirtækja. Kynnig
- o. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. Umsóknir Hrunamannahrepps.
- p. Suðurland FM:Fréttaritari Uppsveita.
- q. Velferðarþjónustan: Rekstrarupplýsingar 2013.
- r. Árborg: Viðbótargreiðsla til rekstrarsjóðs 2013.
- s. Heilbrigðiseftirlit: Umsögn um gjaldskrá um sorphirðu og fráveitu.
- t. Orkusalan ehf: Afsláttarkjör.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 810. fundar stjórnar frá 22. nóvember s.l.
- v. Umsókn um Eyrarrósina 2013.
- w. Landskerfi bókasafna: Samstarfssamningur við TEL.
- x. Mannvirkjastofnun: Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.
- y. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður.
- z. Ungmennafélag Íslands: Samþykktir 48. sambandsþings.
- aa. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Heilsuefling starfsfólks.
- bb. Lánasjóður: Breytilegir útlánavextir.
- cc. EFS: Bréf til endurskoðenda.
- dd. Kennarafélag Suðurlands: Ályktanir aðalfundar.
- ee. Reykjavíkurborg: Umsagnir um athugasemdir við nýtt aðalskipulag.
- ff. Innanríkisráðuneytið: Upplýsingar til Hagstofunnar.

Skýrslur á skrifstofu:

- gg. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Ungt fólk 2013.
- hh. Varasjóður húsnæðismála: Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2012.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Deiliskipulag: Miðjúsveði á Flúðum.

Á fundinn mættu þau Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir landslagsarkitektar frá Landformi og kynntu drög að deiliskipulagstillögu fyrir miðsveði Flúða. Sveitarstjórn þakkar þeim Oddi og Svanhildi fyrir greinargóða kynningu. Sveitarstjórn beinir því til skipulagshönnuða að lagfæra þau atriði við deiliskipulagstillöguna sem fram komu og rædd á fundinum. Funda þarf með forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins og Ungmennafélagsins og í framhaldi af því verður tillagan kynnt á íbúafundi.

2. Ákvörðun útsvars 2014.

Oddviti kynnti tillögu um álagningarprósentu útsvars fyrir árið 2014 en fyrirhuguð er breyting á tekjustofnum sveitarfélaga vegna flutnings á málefnum fatlaða til sveitarfélaganna. Lagt er til að álagning ársins 2014 verði 14,52% með þeim fyrirvara að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

3. Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs.

Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2014. Gert er ráð fyrir 5% meðaltalshækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjöld íbúðarhúsa verði kr. 15.000 fyrir grátunnu og kr. 5.000 fyrir blátunnu. Sorpeyðingargjald

íbúðarhúsa verði kr. 17.800, vegna frístundahúsa kr. 15.400 og atvinnuhúsnæðis kr. 38.600. Sérstakt aukasorggjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 5%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Íþróttahús á Flúðum: Stækkun.**

Oddviti kynnti kostnaðaráætlun frá Tæknisviði Uppsveita vegna stækkunar íþróttahúss og byggingar áhaldageymslu við það. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er um 150 milljónir. Sveitarstjórn samþykkir að farið verði út í að stækka íþróttahús og byggja áhaldageymslu við það. Verkið á að vinna á árunum 2014 og 2015 og er áætlað að á árinu 2014 falli kr. 75 millj. til vegna verksins sem fjármagnaður verði með lántöku. Þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra ásamt Tæknisviði Uppsveita að vinna áfram að þróun verksins og leita samninga eða tilboða í ákveðna verkþætti.

5. **Samningur við UMFH.**

Oddviti kynnti samstarfssamning Hrunamannahrepps við Ungmennafélag Hrunamanna og drög að samningi við Knattspyrnudeild UMFH um umsjón með íþróttasvæði. Sveitarstjórn samþykkir samningana með hliðsjón af umræðum á fundinum og felur sveitarstjóra að undirrita þá.

6. **Afsal vegna sundlaugar.**

Oddviti kynnti afsal þar sem UMFH afsalar sér sundlauginni á Flúðum, fasteignamatnúmer 220-4035, til Hrunamannahrepps en sveitarfélagið hefur alfarið séð um rekstur laugarinnar undanfarin ár. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita afsalið og þakkar Ungmennafélagi Hrunamanna fyrir framsýni og myndarskap við uppbyggingu og rekstur sundlaugarinnar í gegnum tíðina.

7. **Samstarfssamningur um sameiginlegt tæknisvið Uppsveita Árnessýslu.**

Oddviti kynnti samning um sameiginlegt tæknisvið hjá sveitarfélögum í Uppsveitum Árnessýslu ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Sveitarstjórn samþykkir samningin og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

8. **Fjárhagsáætlun 2014-2017. (Seinni umræða)**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2014-2017 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2014 sem snerta bæði tekju- og gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist vegna breytinga í fjárfestingarhluta áætlunarinnar.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2014 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 14.437.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 20.739.000.

Veltufé frá rekstri kr. 73.698.000.

Heildareignir A. hluta kr. 938.732.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.033.598.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 453.278.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 660.299.000.

Eigið fé A hluta kr. 485.454.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 373.299.000.

Skuldahlutfall 88% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 98.500 millj. í áætluninni, þar af 11,5 millj. í gatnagerð og 75 millj. vegna stækkunar íþróttahúss. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 75. millj. vegna íþróttahúss. Sveitarstjórn samþykkir að stefna að því að klára lagningu bundins slitlags á íbúðargötur á Flúðum á næstu 2 árum, þannig að Hofin verði tekin fyrir 2014, Högnastígur 2015 og Vesturbrún á árabílinu 2014-2015 eftir svigrúmi í fjárhagsáætlun. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykktu frá 44. fundi sveitarstjórnar frá 7. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2015-2017 en þar hefur orðið sú breyting að gert er ráð fyrir fjárfestingu árið 2015 vegna íþróttahúss að fjárhæð kr. 75 millj. og samsvarandi lántöku. Þá er eyrnamerkt fjárfesting vegna íþróttavallar við íþróttahús árið 2016 að fjárhæð kr. 20 millj. án þess þó að heildarfjárfesting ársins breytist. Að öðru leyti hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 7. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar

er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2014 nema árið 2015.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og fjárhagsáætlun 2014 og 2015-2017 að öðru leyti en því að Esther og Bjarney vilja taka fram að gjaldskrárhækkanir séu full háar. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2014-2017 samhljóða.

9. **Samþykktir Hrunamannahrepps: Breytingar. (Fyrri umræða)**

Oddviti kynnti breytingar að samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps sem aðallega eru vegna sameiginlegrar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu.

10. **Skóla og velferðarþjónusta Árneshvíls: Samstarfssamningur.**

Oddviti kynnti samstarfssamning Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.

11. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd. Kosning.**

Oddviti kynnti að frá og með næstu áramótum yrðu 7 manns í sameiginlegri skólaþjónustu- og velferðarnefnd, einn frá hverju sveitarfélagi og annar til vara. Nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS) skipar endanlega í nefndina en sveitarstjórn er sammála að tilnefna þau Bjarneyju Vignisdóttur og Unnstein Eggertsson sem fulltrúa Hrunamannahrepps vegna þeirrar ákvörðunar.

12. **Brunavarnir Árneshvíls: Lántaka.**

Oddviti kynnti lán og lánakjör sem Brunavörnum Árneshvíls stendur til boða til kaupa á fasteigninni Árvegi 1 á Selfossi.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita Brunavörnum Árneshvíls, sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda og hlutfallslega ábyrgð miðað við eignarhluti 1. janúar 2013 í Brunavörnum Árneshvíls vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og veitir sveitarstjórnin lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna höfuðstöðvar félagsins, sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn skuldbindur hér með sveitarfélagið sem einn af eigendum Brunavarna Árneshvíls til að selja ekki félagið að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut sinn í Brunavörnum Árneshvíls til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

13. **Fögrusteinar: Samningur um snjómokstur.**

Oddviti kynnti samning um snjómokstur á milli Fögrusteina ehf, Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

14. **Kerlingarfjallasvæðið: Hugmyndir vinnuhóps vegna fyrirhugaðar friðlýsingar.**

Halldóra kynnti tillögur vinnuhóps um Kerlingarfjallasvæðið vegna fyrirhugaðar friðlýsingar þar. Sveitarstjórn samþykkir að fresta málinu fram yfir áramót.

15. **Snorraverkefnið: Umsókn um styrk.**

Oddviti kynnti umsókn frá Snorraverkefninu um styrk vegna verkefna næsta árs. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

16. **Hollvinasamtök Rangárbakka: Söfnun framlaga.**

Oddviti kynnti erindi stjórnar Rangárhallarinnar ehf og Rangárbakka ehf um að að safna fjármagni vegna rekstarvanda Rangárhallarinnar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

17. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni um veitinga- og gistileyfi. (Grund)**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni vegna leyfis nýrra rekstraraðila til rekstrar gisti- og veitingastaðar á Grund. Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma

og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

18. Héraðssambandið Skarphéðinn: Styrkbeiðni.

Oddviti kynnti bréf frá HSK um styrk fyrir rekstur næsta árs. Sveitarstjórn styrkir starfssemi HSK í gegnum Héraðsnefnd Árneseinga og hafnar frekari styrkveitingu.

19. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur. (réttur námsmanna).

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigubætur. Sveitarstjórn telur heppilegt að skoða möguleika námsmanna til rýmkunnar á reglum um húsaleigubætur.

20. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra. Sveitarstjórn vísar málinu til Velferðarnefndar Árneseinga.

21. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.

22. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (eignarhlutir í orkufyrirtækjum).

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög.

23. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um barnaverndarlög. (rekstur heimila fyrir börn)

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um barnaverndarlög (rekstur heimila fyrir börn). Sveitarstjórn vísar málinu til Velferðarnefndar Árneseinga.

24. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna).

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um náttúruvernd. Sveitarstjórn styður hugmyndina um brottfall laganna enda hefur hún áður talið að ákvæði nýrra laga þyrfti að skoða nánar.

25. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lífsýnasöfn.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um lífsýnasöfn.

26. Vinnuhópur um safnamál í Uppsveitum Árneseyslu. Greinargerð.

Oddviti kynnti greinargerð frá vinnuhóp um safnamál í Uppsveitum Árneseyslu. Hópurinn fjallaði um söfn og sýningar á svæðinu og skilaði tillögum sínum í greinargerð. Sveitarstjórn tekur undir tillögu vinnuhópsins varðandi Minjasafnið í Gröf að starfssemi þess verði hluti af Byggðasafni Árneseinga.

27. KPMG: Endurskoðunarbréf.

Oddviti kynnti bréf frá KPMG með lýsingu á þeirri þjónustu sem endurskoðun KPMG felur í sér. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita endurskoðunarbréfið.

28. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði 9. janúar nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

29. Umhverfisnefnd: 14. fundur nefndarinnar frá 25. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar Umhverfisnefndar. Þar var farið yfir umsögn um gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, innleiðingu blátunnunnar, rekstrartölur og áætlun málaflokks umhverfismála, upplýsingaskilti í skrudgarðinum og upplýsingarskilti við gámasvæðið á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

30. Vinnuhópur um upplýsingaöflun fyrir nýbúa. Fundargerð 2. Fundar frá 20. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar vinnuhópsins. Hópurinn gerir að tillögu sinni að farði verði í 5 aðgerðir til að bæta upplýsingaöflun fyrir nýbúa. Hluti þeirra aðgerða er á vegum sveitarfélagsins og hluti í samstarfi við atvinnurekendur í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að hrinda verkefninu í framkvæmd og einnig að kynna þessa vinnu fyrir öðrum sveitarfélögum á svæðinu vegna möguleika á samvinnu við verkefnið.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita:

31. Fundargerð 65. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 21. nóvember s.l, og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. október til 20. nóvember 2013.

Oddviti kynnti fundargerð 65. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 21. nóvember s.l. ásamt afgreiðslur byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september til 29. október 2013.

Mál nr. 7: Miðfell 1, deiliskipulag.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að auglýsa tillöguna með vísun í 1. mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

32. Fundargerð 16. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. frá 21. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar stjórnar. Þar var farið yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og fjárhagsáætlun 2014 var kynnt. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

33. Velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 21. fundar frá 6. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar Velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál, lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun velferðarþjónustunnar 2014 og að gjaldskrá fyrir árið 2014 og drög að starfsáætlun. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina, þær gjaldskrárbreytingar sem lagt er til og fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Starfshópur um skólaþjónustu: Fundargerð frá 6. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. NOS: Fundargerð frá 14. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. NOS: Fundargerð frá 29. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð 8. aðalfundar frá 24. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 8. aðalfundar frá 24. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. SASS: Fundargerð 44. aðalfundar frá 24. og 25. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. SASS: Fundargerð 473. fundar stjórnar frá 8. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

h. SASS: Fundargerð 474. fundar stjórnar frá 28. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

i. Sorpstöð Suðurlands : Fundargerð 32. aðalfundar frá 24. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

j. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 158. stjórnarfundar frá 26. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

k. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 152. fundar frá 23. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

l. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 153. fundar frá 22. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

- m. **Héraðsnefnd Árnesinga b.s: Fundargerð 2. Fundar þann 17-18. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- n. **Kjalvegur: Sameiginleg yfirlýsing sveitarfélaga og ferðarþjónustufyrirtækja. Kynnig**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða. Umsóknir Hrunamannahrepps.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Suðurland FM:Fréttaritari Uppsveita.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Velferðarþjónustan: Rekstrarupplýsingar 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Árborg: Viðbótargreiðsla til rekstrarsjóðs 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Heilbrigðiseftirlit: Umsögn um gjaldskrá um sorphirðu og fráveitu.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Orkusalan ehf: Afsláttarkjör.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 810. fundar stjórnar frá 22. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Umsókn um Eyrarrósina 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- w. **Landskerfi bókasafna: Samstarfssamningur við TEL.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **Mannvirkjastofnun: Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.**
Lagt fram til kynningar.
- y. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður.**
Lagt fram til kynningar.
- z. **Ungmennafélag Íslands: Samþykktir 48. sambandsþings.**
Lagt fram til kynningar.
- aa. **Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Heilsuefling starfsfólks.**
Lagt fram til kynningar.
- bb. **Lánasjóður: Breytilegir útlánavextir.**
Lagt fram til kynningar.
- cc. **EFS: Bréf til endurskoðenda.**
Lagt fram til kynningar.
- dd. **Kennarafélag Suðurlands: Ályktanir aðalfundar.**
Lagt fram til kynningar.
- ee. **Reykjavíkurborg: Umsagnir um athugasemdir við nýtt aðalskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- ff. **Innanríkisráðuneytið: Upplýsingar til Hagstofunnar.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- gg. **Mennta-og menningarmálaráðuneytið: Ungt fólk 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- hh. **Varasjóður húsnæðismála:Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2012.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundir slitið kl. 18.10